



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
30 AUG. 2004
54.52
Tilv. _____

• Deildir: 1. og 2.
• 100 Reykjanesvegur
• 101 Reykjavík
• Sími: 591 2200
• Fél: 591 2010
• Netfang: ust@ust.is
• Vefur: www.ust.is

29. ágúst 2004

Tilvísun: UST20040800026/sf

Garðskagavegur, Stafnes - Hafnavegur, Sandgerðisbæ og varnarsvæði Keflavíkurflugvallar. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 6. ágúst sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu nýs vegar um Garðskaga á Reykjanesi, milli Garðskagavegar og Hafnavegar. Heildarlengd vegarins er 9,3 km, þar af nýtast um 3,8 km af vegi Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli sem liggur um svæðið og er nýlagning vegar því um 5,5 km. Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila er tilgangur framkvæmdarinnar fyrst og fremst að skapa tengingu milli Sandgerðis og Hafna og stytta þar með leiðir milli atvinnusvæða, auk þess sem aðgengi opnast að áhugaverðu svæði fyrir náttúruunnendur og fuglaskoðunarfólk. Vegurinn verður einnig aðkoma að fyrirhuguðu sorpurðunarsvæði Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja á Stafnesi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Námur

Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina er áætlað að um 52.000 m³ af efni þurfi í fyllingar og burðarlög. Þar af er áætlað að um 27.000 m³ komi úr skeringum og um 25.000 m³ úr Stapafellsnámu. Því er ekki fyrirhugað að opna nýjar námur vegna framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun vill þó minna á að gæta verður ákvæða laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ef opnaðar verða nýjar námur vegna framkvæmdarinnar.

Náttúrufar

Gróður

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið er nú að langmestu leyti gróið en gróðurhulan víðast fremur þunn. Gróður er einkum mosapemba, en grös er einnig að finna í nokkrum mæli. Lítið sem ekkert er um kjarr og votlendisblettir fáir en sneitt verður hjá votlendi við lagningu vegarins. Ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á gróðri vegna

fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerði úttekt á náttúrufari á Suðurnesjum (norðanverðum Reykjanesskaga) fyrir staðarvalsnefnd um iðnrekstur, sjá ritið „*Suðurnes, náttúrufar, minjar og landnýting*” frá júní 1986. Samkvæmt einföldu gróðurkortu sem gert var eru gróðurlendin á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði mosapemba á vestanverðu svæðinu og mosapemba með lyngi á því austanverðu. Í lýsingu á mosapembu með lítilli þekju kemur fram að hraunið er víða bert, en gamburmosi ríkir annarsstaðar. Ýmsar tegundir standa upp úr mosanum á stangli t.d. stinnastör, túnvingull, kornsúra, krækilyng og geldingahnappur. Í mosapembu með lyngi og kjarri eru runnar, grávíðir, grasvíðir, loðvíðir og jafnvel birki þar sem best lætur. Krækilyng og bláberjalyng eru líka áberandi, auk ýmissa blómplantna.

Umhverfisdeild Varnarliðsins lét gera gróður- og gróðurþéttleikakort af öllu Varnarsvæðinu árið 1996 (sjá matsskýrslu um förgun sorps á Suðurnesjum frá febrúar 2003). Samkvæmt því liggur vegkaflí 3 um gróið land, þ.e. gróðurlendi sem skilgreint er sem „smávaxnir runnar, lyng og fléttur”. Austasti hluti af vegkafla 2 liggur um samskonar gróðurlendi og einnig um lyngheiði. Landið er með 100% gróðurþekju eða 50% meðal gróðurþekju samkvæmt gróðurþéttleikakorti. Aðrir vegkaflar liggja að mestu leyti um land þar sem gróðurlendi er skilgreint sem „sendið malarkennt eða stórgrýtt flatlendi, vikur og hreyft land” eða sem „mismunandi land með dreifðum gróðri”. Gróðurþekja er minni en 20% eða auðn samkvæmt gróðurþéttleikakorti.

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum urðunarstaðar á Stafnesi var gerð úttekt á gróðri á fyrirhuguðum urðunarstað. Þar fundust samtals 37 tegundir háplantna og 38 tegundir lágplantna. Engar tegundir teljast sjaldgæfar fyrir Suðvesturland eða teljast í yfirvofandi hættu. Svæðið telst einkar fáskrúðugt og stafar það einkum af mikilli jarðvegseyðingu. Fyrirhugað vegstæði Garðskagavegar sker fyrirhugað urðunarsvæði á Stafnesi lítillaga til vesturs en liggur að öðru leyti utan við það.

Samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (Válisti I, Plöntur) er ekki að finna vaxtarstaði válistaplantna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á gróður.

Jarðfræði

Samkvæmt umfjöllun um jarðfræði í ritinu „*Suðurnes, náttúrufar, minjar og landnýting*” eru hraunin á Romshvalanesi jökulsorfin hlýskeiðshraun (grágrýtishraun). Því er ekki um að ræða jarðmyndanir sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Fuglalíf

Í tilkynningu um framkvæmdina segir um fuglalíf:

„*Fuglalíf er allmikið á þessum slóðum og sér í lagi við Ósa, þar sem aðstæður til fuglaskoðunar munu vera góðar.*”

Ósar, þ.e. vogurinn með strandlengju, fjörum og grunnsævi austan línu sem dregin er á milli Hafna og Þórshafnar, er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 107). Svæðið er á skrá vegna mikils og sérstæðs botndýralífs og fjölbreyttra fjara, auk þess sem þar eru vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda.

Fjörur og tjarnir á Romshvalanesi eru einnig á náttúruminjaskrá (svæði nr. 108) vegna

fjölbreytt strandgróður og fjörugerðar, lífauðugra sjávartjarna og mikils fuglalífs. Fyrirhuguð framkvæmd mun ekki raska eða hafa áhrif á ofangreind svæði.

Samkvæmt ritinu *Suðurnes, náttúrufar, minjar og landnýting* (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1986) er fuglalíf fátækast í hraunum á svæðinu. Eitt stærsta sílamáfsvarp í landinu er á Miðnesheiði, en það er að miklu leyti innan flugvallargirðingar. Þó má gera ráð fyrir að breytingar hafi orðið á varpinu síðan 1986.

Gerð var úttekt á fuglalífi á fyrirhuguðum urðunarstað á Stafnesi í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Samkvæmt henni er fuglafánan á urðunarsvæðinu fábreytt og líklega dæmigerð fyrir íslenskar auðnir af því tagi. Þéttleiki fugla er lítill miðað við svæði þar sem gróður er þéttari.

Með hliðsjón af ofangreindum upplýsingum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Verndarsvæði

Fyrirhugað vegstæði er hvorki innan friðlýsts svæðis né svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Vegstæðið raskar ekki jarðmyndunum eða vistkerfum sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Framkvæmdasvæðið er einnig utan vatnsverndarsvæða, sbr. staðfest aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð lagning Garðskagavegar mun hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt,


Sigrún Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður